

enda. Í henni felst m.a. að réttargæslustefndu Una Hannesdóttir og Geir Ingimarsson verði að þola niðurrif hússins Þrastarnes 6 að meira eða minna leyti, þ. á m. niðurrif á frágengnu þaki sem jafnframt er panelklætt loft í stofu.

Þessari kröfu sem öðrum stefnukröfum í málinu beinir stefnandi einvörðungu að byggingaryfirvöldum í Garðakaupstað, þ.e. bæjarstjórn Garðakaupstaðar, en ekki að eigendum umrædds húss. Um þessa kröfu verður ekki fjallað í málinu án þess að henni sé beint að húseigendum sbr. meginreglu 1. mgr. 46. gr. laga nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu ber að vísa máli þessu frá dómi.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með dómsmönnum Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara og Má Péturssyni bæjarfógeta.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 12. september 1988.

Nr. 270/1988. **Ásgeir J. Guðmundsson**

Halldór S. Guðmundsson

Jónína Guðmundsdóttir og

Kristín S. Guðmundsdóttir

gegn

skiptaráðandanum í Hafnarfirði

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Kæran í máli þessu er heimil samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, sbr. einnig 13. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjár-

skatt. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp í skiptarétti Hafnarfjarðar 2. maí 1988. Hann var birtur lögmanni sóknaraðila í þinghaldi í sama rétti 20. júní s.á. Kæran er dagsett 8. júlí sl. og móttækinn af skiptaráðanda 12. s.m. Var þá liðinn kærufrestur sá, sem tiltekinn er í 22. gr. laga nr. 75/1973. Ber af þessum sökum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Af hálfu varnaraðila hafa ekki verið gerðar kröfur í máli þessu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður skiptaréttar Hafnarfjarðar 2. maí 1988.

Hinn 18. janúar 1987 lést Matthildur Sigurðardóttir, f. 30.07. 1901, nnr. 6560-8278, síðast til heimilis á Hrafnistu, d.a.s., Hafnarfirði.

Föstudaginn 2. október 1987 tók skiptaráðandinn í Hafnarfirði dánarbú Matthildar til opinberra skipta. Voru erfingjar hennar boðaðir til þinghalds skiptaréttarins þann dag, en þeir eru fjögur börn hinnar látnu:

Ásgeir J. Guðmundsson Hrauntungu 18 Kópavogi (f. 09.02. 1935),

Halldór S. Guðmundsson Hjallabraut 94 Hafnarfirði (f. 13.10. 1930),

Jónína Guðmundsdóttir Bjarmalandi 15 Reykjavík (f. 19.04. 1932) og

Kristín Sigríður Guðmundsdóttir Vesturvangi 8 Hafnarfirði (f. 17.02. 1937).

Til þinghaldsins 2. október 1987 kom enginn erfingja, en Þorvaldur Lúðvíksson hrl. sótti þingið fyrir þeirra hönd. Hefur hann æ síðan komið fram fyrir hönd erfingjanna gagnvart skiptaráðanda í máli þessu.

Þingað var í málinu 2. október, 9. október og 22. október 1987, en þá var erfingjum veitt leyfi til einkaskipta eftir beiðni þeirra. Var það skilyrði sett m.a. fyrir leyfinu, að þeir skiluðu skiptagerð fyrir árslok 1987.

Hinn 24. mars 1988 eru dánarbússkiptin tekin fyrir í skiptaréttinum. Þá er bókað í skiptabók:

„Hinn 24. febrúar s.l. kom greindur lögmaður [þ.e. Þorvaldur Lúðvíksson hrl.] f.h. erfingja á fund skiptaráðanda og afhenti honum skiptagerð (rskj. nr. 9) ásamt yfirliti yfir útfararkostnað (rskj. nr. 10) og erfðafjárskýrslu (rskj. nr. 11). Greiddi hann þá erfðafjárskatt sem skiptaráðandi kvittaði fyrir með þeim fyrirvara að ekki væri víst að um fullnaðargreiðslu væri að ræða, sbr. rskj. nr. 12.

Skiptaráðandi ritaði síðan lögmanninum bréf (rskj. nr. 13) og óskaði þá eftir skýringum erfingja eða lögmannsins fyrir þeirra hönd á tilteknum atriðum í skiptagerðinni.“

Ekki var sótt þing af hálfu erfingja 24. mars 1987 og ekki boðuð forföll.

Í bréfi skiptaráðanda (dags. 16.03. 1988) til Þorvalds Lúðvíkssonar f.h. erfingja, sbr. rskj. nr. 13, sem getið er um í bókuninni hér að framan, segir m.a.:

„Í skiptagerðinni er frá því greint að hin látna hafi átt íbúð sem hafi 28. nóvember 1985 (réttara mun vera 15. jan. 1986) verið seld stjórn verka-mannabústaða í Hafnarfirði. Nettó söluandvirði er sagt hafa verið kr. 1.377.606. Brúttó eignir búsins eru hins vegar sagðar vera kr. 880.000. Verður ekki séð af skiptagerðinni hvað orðið hafi um kr. 497.606 af sölu-andvirði íbúðarinnar. Skiptaráðandi óskar eftir skýringum erfingja á þessu misræmi, eða yðar fyrir þeirra hönd.

Í skiptagerðinni stendur að hin látna hafi átt í banka við andlát sitt kr. 280.000. Skiptaráðandi óskar eftir að sjá gögn um þá bankainn-stæðu.“

Í bréfinu var lögmaðurinn boðaður á fund skiptaráðanda með vísan til 20. gr. laga nr. 83/1984.

Enn var þingað í máli þessu 11. apríl 1988. Þá er bókað í skiptabók: „Mættur er í réttinum f.h. erfingja hinnar látnu, Matthildar, Þorvaldur Lúðvíksson hrl. Hann leggur fram sem rskj. 14, sparisjóðsbók nr. 12674 við Samvinnubanka Íslands hf., ógilta.

Lögmaðurinn óskar að leiðrétta það sem stendur í skiptagerð, rskj. nr. 9:

„2. Í peningum á banka kr. 280.000.“ Það eigi að vera:

„2. Í peningum og á banka kr. 280.000.“

Lögmaður segir, að skv. upplýsingum eins erfingja, Ásgeirs Guðmunds-sonar, hafi u.þ.b. kr. 60.000 af eignum hinnar látnu farið til að mála íbúð hennar áður en hún var seld. Hann hafi líka vakið athygli á að hin látna hafi lifað í eitt ár eftir að íbúðin var seld, og hún hafi örugglega hyglað barnabörnum sínum, sem voru 17 talsins, auk þess sem hún lánaði hverju barnabarni sínu kr. 150.000, svo sem fram kom í skiptagerð.

Lögmaðurinn óskar að taka fram að hann hafi ekki mætt í skiptaréttin-um 24. mars 1988 vegna þess að hann hafi þá ekki verið búinn að fá neinar upplýsingar vegna fyrirspurna skiptaráðanda, og biðst hann afsökunar á því að hafa ekki haft samband við skiptaráðanda út af þessu.“

Skýringar þær, sem Þorvaldur Lúðvíksson hrl. hefur gefið skiptaráðanda f.h. erfingja og raktar eru hér að framan, eru að áliti réttarins ekki full-nægjandi, að því er varðar kr. 497.600 af söluandvirði íbúðar arfláta, sem seld var 15. janúar 1986.

Þær eru ekki studdar gögnum, og þær geta heldur ekki talist sennilegar. Verður því við það að miða að til skipta milli erfingja hafi komið kr. 1.206.018 en ekki kr. 708.412, svo sem segir í skiptagerð (rskj. nr. 9) og erfðafjárskýrslu (rskj. nr. 11), þannig að erfðahlutur hvers erfingja verður

kr. 124.401,50 umfram þær kr. 177.103 sem fram eru taldar í greindum skjölum, eða alls kr. 301.504,50.

Samkvæmt þessu hefði erfðafjárskattur hvers erfingja átt að vera kr. 15.075 eða kr. 6.220 hærri en erfingjar gera ráð fyrir í erfðaskýrslu sinni, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt, sbr. og 22. gr. sömu laga og auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 466, 9. október 1987.

Í samræmi við þetta og samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 83/1984, sbr. 1. mgr. sömu greinar, ber að ákvarða hverjum erfingja viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. $5 \times 6.220 =$ kr. 31.100.

Á l y k t u n a r o r ð:

Erfingjar Matthildar Sigurðardóttur, nnr. 6560-8278, er lést 18.01. 1987, þau Ásgeir J. Guðmundsson, nnr. 0664-3220, f. 09.02. 1935; Halldór S. Guðmundsson, nnr. 3580-4609, f. 13.10. 1930; Jónína Guðmundsdóttir, nnr. 5307-7234, f. 19.04. 1932, og Kristín S. Guðmundsdóttir, nnr. 5745-4717, f. 17.02. 1937, greiði hver um sig viðbótarerfðafjárskatt að upphæð kr. 31.100 til erfðafjárskjóðs.

Fimmtudaginn 15. september 1988.

Nr. 194/1988. **Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa**
 gegn
eigendum og áhöfn b/v Stálvikur

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Haraldur Henrysson, settur hæstaréttardómari.

Eigandi og útgerðarmaður m/s Kongsaa hefur með kæru dags. 24. maí sl. kært skýrslugjafir sex vitna fyrir bæjarþingi Siglufjarðar sem fram fóru miðvikudaginn 27. apríl sl. Kröfur hans eru þær að „dómsathöfn þessi verði ómerkt auk þess sem réttarhaldsbeiðanda